

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 334. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 7. maí 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2019. Seinni umræða.
- 2) Fundargerð 136. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. apríl 2020.
- 3) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 28. apríl 2020.
- 4) Fundargerð 177. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 27. febrúar 2020.
- 5) Fundargerð 881. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. apríl 2020.
- 6) Fundargerð 882. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. apríl 2020.
- 7) Bréf frá Róberti Óskarssyni, dags. 17. apríl 2020, varðandi forkaupsrétt að bátnum Aðalheiði SH-31, skipaskrárnúmer 2584.
- 8) Bréf frá persónuverndarfulltrúa Snæfellsbæjar, dags. 28. apríl 2020, varðandi öryggi persónuupplýsinga.
- 9) Minnisblað frá bæjarstjóra, dags. 21. apríl 2020, varðandi byggingu þjónustuúbúða fyrir 60 ára og eldri.
- 10) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 5. maí 2020
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Drífa Skúladóttir Halldór
Kristinsson Illugi Jens Jónasson
Davíð Viðarsson Magnús
Eiríksson Kristjana
Hermannsdóttir

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 136136. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 30. apríl 2020
og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir og Matthías Páll Gunnarsson.

Fundargerð ritaði: Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Háarif 19A_Umsókn um leyfi fyrir gluggaskiptum - 2003003

Ásbjörn Óttarsson sækir um byggingarleyfi fyrir gluggaskiptum á Háarifi 19a, Rifi. Allir gluggar hafðir eins nema í stofu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

2. Ólafsbraut 54_Umsókn um framlengingu þaks í suður yfir svalir og að loka svöldum - 2004002

Sigurður Höskuldsson sækir um byggingarleyfi til að framlengja þak í suður yfir svalir. Einnig er sótt um leyfi til að loka svöldum með gleri og/eða veggjum og gluggum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framlengingu þaks í suður með það fyrir augum að síðar komi svalalokun eða veggur og gluggar. Fyrir lokun þarf að skila ítarlegri teikningum og skráningartöflu.

Samþykkt

77

2

M.E

3. Hafnargata 6_Umsókn um byggingarleyfi fyrir millivegg og klósett - 2004006

Aron Baldursson sækir um fyrir hönd Fiskmarkaðs Íslands leyfi fyrir nýjum millivegg í endarými húsnæðis.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Nefndin bendir á að setja þarf inn "contence" við vesturenda á teikningar.

Samþykkt

M.E

MPG

4. Engihlíð 16a_Umsókn um leyfi fyrir nýklæðningu á austurhluta hússins - 2004007

Snæfellsbær sækir um að byggingarleyfi fyrir nýklæðningu á austurhlíð sem snýr að

KA.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

götu á Engihlíð 16a með sléttum áplötum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

5. Norðurtangi 7_Umsókn um byggingarleyfi fyrir gluggaskipti í Áhaldahúsinu - 2004011

Snæfellsbær sækir um byggingarleyfi fyrir gluggaskipti á vesturhlið Áhaldahússins, Norðurtangi 7 Ólafsvík.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

6. Engihlíð 1_Umsókn um byggingarleyfi fyrir 60 fm. aðstöðuhús við knattspyrnuvöllinn - 1802006

Snæfellsbær sækir um byggingarleyfi fyrir þaki á aðstöðuhúsinu við knattspyrnuvöllinn, einnig er sótt um leyfi fyrir því að klæða aðstöðuhúsið með timbur eða ál klæðningu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

7. Malarrif_Umhverfisstofnun sækir um byggingarleyfi fyrir útlitsbreytingum á íbúðarhúsi - 2004013

Jón Björnsson þjóðgarðsvörður sækir um fyrir hönd Umhverfisstofnunar um byggingarleyfi fyrir breytingum utanhúss á íbúðarhúsinu á Malarrifi. Ætlunin er að skipta um glugga í sumar og klæða húsið með bárujárni og fjarlægja steypta vatnsþró við útvegg á næsta ári.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

8. Grundarbraut 32_Umsókn um byggingarleyfi vegna gluggaskipta, rifs á sólstofu og endurnýjunar á timburgólfí svala - 2004014

Daði Rúnar Einarsson sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum utanhúss. Áformáð er að skipta um 2 glugga, rífa sólstofu að aftanverðu og endurnýja timburgólf svalanna.

Kristjana víkur affundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Kristjana kemur inn.

Samþykkt

9. Hlaða og Veruhóll_Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir hliðrun vegar við Hlöðu og Veruhól - 2004010

Vera Roth sækir um framkvæmdarleyfi fyrir hliðrun á vegkafla við Bárðarbúð, Hlöðu og Veruflöt.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdarleyfi skv. samþykktu deiliskipulagi. Erindið verður grenndarkynnt nærliggjandi lóðarhöfum.

Samþykkt

777

DS

M. S

MLV

W
MPG

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

10. Marbakki_Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir nýjum veg niður að bústað - 2004012

Guðmundur Grétar Bjarnason sækir um fyrir hönd Celia Lachkar um framkvæmdaleyfi fyrir nýjum veg niður að bústaðnum á Marbakka.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdarleyfi fyrir vegi.

Samþykkt

11. Golfvöllur á Rifi_Framkvæmdarleyfi - 2003005

Jón Bjarki sækir um fyrir hönd Golfklúbbsins Jökulls um framkvæmdarleyfi fyrir golfvelli sunnan Rifs skv aðal- og deiliskipulagi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdarleyfi að loknu skipulagsferli.

Samþykkt

12. Fellaslóð 3_Birkisól ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir matarvagn - 2002001

Helga Birkisdóttir afsalar sér útgefnu stöðuleyfi að Fellaslóð 4, Arnarstapa.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir afsal á stöðuleyfi.

Samþykkt

13. Grundarslóð 12_Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2004001

Guðmundur Skúlason sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi að Grundarslóð 12, Arnarstapa vegna strandveiða.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi. Nefndin bendir á að hafa gott bil á milli hjólhýsa vegna brunavarna.

Samþykkt

14. Norðurtangi 3_Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám í portinu - 2004008

Jón Tryggvason sækir um fyrir hönd J.T.Trésmíði slf um stöðuleyfi fyrir einum gámi í portinu milli Norðurtanga 1 og 3.

Magnús víkur affundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu.

Magnús kemur inn.

Hafnað

15. Fyrirspurn um uppsetningu skiltis við Rif - 2004004

Hjörðís Pálsdóttir sendir inn fyrirspurn fyrir hönd Norska hússins um það hvort Snæfellsbær geti tekið að sér uppsetningu skiltis á Rifi vegna útiskiltasýningarinnar "Miðstöðvar og mangarar við Breiðafjörð".

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Byggingarfulltrúa og formanni nefndarinnar og hafnarstjóra verði falið að finna staðsetningu í samráði við Hjörðís. Nákvæm staðsetning verði kynnt nefndinni.

Samþykkt

777

SS

M.S

M.H

MPC

AA

16. Háarif 5_Fyrirspurn vegna sveifarás sem listaverk - 2004009

Halldór Kristinsson sendir inn fyrirspurn fyrir hönd Kristins J Friðþjófssonar ehf þess efnis hvort leyfi fáist til að setja upp sveifarásar listaverk á Hafnargötu 2 eða 8, sjá meðfylgjandi skissu.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Halldór víkur affundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Erinið grenndarkynnt eigendum við Hafnargötu 2.

Halldór kemur inn.

Samþykkt

17. Ölkelda_Umsókn um byggingarleyfi fyrir niðurrifi á hlöðu - 2004005

Ölkeldubúið ehf sækir um leyfi til að rífa gamla timburhlöðu sem er áfost við fjósið á bænum. Í staðinn verður reist annað hús vegna breytinga á fjósi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir niðurrið á hlöðu. Skila þarf inn fullnægjandi gögnum fyrir nýju húsi.

18. Hafnargata 16_Kári Viðarsson sækir um byggingarleyfi fyrir smáhýsum og wc- og sturtu gám - 2002003

Athugasemdir bárust frá þremur aðilum varðandi grenndarkynningu fyrir Frystiklefanum.

Halldór og Drífa víkja affundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar gistiskálum en samþykkir salernishús verði það klætt og skráð. Komi salernishús þarf að huga að eldvörnum.

Halldór og Drífa koma inn.

Hafnað

19. Áform um stækkun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls - 2004003

Umhverfisstofnun og Snæfellsbær kynna áform um stækkun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Stækkun Þjóðgarðs kynnt nefndinni. Umhverfis- og skipulagsnefnd bendir á að stækkun Þjóðgarðs kallar á aðalskipulagsbreytingu.

Kynnt

20. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2020 - 2002014

- Lagfæring á farvegi bæjarlækjar Ólafsvíkur

Kynnt nefndinni - Skoða þarf hvort ekki þurfi að setja handrið þar sem hæst er.

- Umhirða lóða í Rifi og Hellissandi.

Rætt

Kynnt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:55.

F. Flugjó Jan Jónasson
Kristján H.

Matthias Pöll Gunnarsen

Magni Þór
Kerlbot G.

Fundur skóla- og fræðslunefndar 28.04.2020

Fundur hófst kl. 20:30

Mættir eru Þorþjörg, Kristgeir, Gunnsteinn og Monika.

-Rætt um hvað við þurfum að heyra frá skólastjórum um skólaárið sem er að líða og næsta skólaár.

-Rætt um hvernig staðan á leikskólanum hefur verið, börnum skipt upp í two hópa A og B, og hóparnir mæta annan hvern dag. Starfsmenn eru samt alla daga og einnig eru börn framlínustarfsmanna (kennara) alla daga og þau á sömu deildum og önnur börn sem mæta annars annan hvern dag.

-Tónlistarskólinn hefur víst haldið sínu striki en engir hópatímar hafa verið.

-Grunnskólinn hefur haft þetta þannig að dagurinn var styttur og passað að bekkir hittist ekki. Kennrarar fylgja bara ákveðnum hópum.

-Rætt um fundinn á Hrauni um breytingu á skólareglunum. Erum ánægð með fundinn, hann gekk vel og verður gaman að sjá útkomuna, hvort reglur verði sjánlegri og auðveldara að vinna eftir þeim.

-Hvenær næsti fundur ca 18. Maí. 2020.

-Rætt um að það sé betra að fá fyrir fundi skóladagatöl og annað sem skólastjórar vilja bera undir okkur, svo við getum verið búin að skoða og fara yfir. Formaður mun senda skólastjórum póst um að senda meðlimum skóla-og fræðslunefndar skóladagatöl fyrir næsta skólaár fyrir næsta fund svo við getum verið búin að fara yfir þau.

Fundi slitið kl. 21.10

177. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. febrúar 2020, í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Karl Kristjánsson, Eyjólfur Bjarnason.

Fundarritari: Theódóra Matthíásdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Kynning frá Vör/Hafrannsóknastofnun

Afgreiðsla:

Jóhann Garðar Þorbjörnsson og Jónína Herdís Ólafsdóttir líffræðingar hjá Hafrannsóknastofnun í Ólafsvík og Vör Sjávarrannsóknasetri mættu á fundinn og kynntu rannsóknir sínar á vistfræðilegu hlutverki strandsjávarbúsvæða á Breiðafirði en Breiðafjarðarnefnd styrkti hluta af því verkefni. Jóhann og Jónína kynntu þróun á aðferðafræði við slíkar rannsóknir á svæðinu en ákveðin þekkingareyða er varðandi vistfræði þessara svæða vegna þess að þau er erfitt að nálgast með stórum rannsóknaskipum. Það eru þó vísbendingar um að svæðin eru mikilvæg fyrir lífríki, til dæmis sem uppeldissvæði fyrir fiskungviði. Rannsóknin er hugsuð sem grunnur að vöktun á svæðinu og er verkefni sem tækifæri væri á að útvíkka og vinna á stærri skala.

Styrkurinn frá Breiðafjarðarnefnd nýttist í tækjakaup (myndavél, ljós og ramma) til þess að kortleggja búsvæði á rannsóknasvæðinu. Sumarið 2018 var nýtt til þess að prófa rannsóknnaðferðir og leiddu þær í ljós að það gæfi réttastar niðurstöður að nota 10 m strandnót og lagnet samtímis til að fá sem besta heildarmynd af fiskasamfélögum á strandsvæðum. Árið 2019 var farið í leiðangur með nót og lagnet. Búsvæði voru kortlögd með myndavélum og nú er unnið að úrvinnslu þeirra gagna sem aflað var. Langtímaframtíðarsýn er að búa til gróðurkort af firðinum.

Jónína kynnti fræðsluefni um fjörur sem þau hafa unnið í samstarfi við Svæðisgarðinn Snæfellsnes með styrk frá Breiðafjarðarnefnd. Um er að ræða tvíblöðung sem meðal annars er byggður á fjöruvísi Erlings Haukssonar. Fjallað er um fjöruna almennt og undirbúnинг fjörugerða, frætt um sjávarföll og grein gerð fyrir nokkrum tegundum fjörugerða. Tvíblöðungurinn verður birtur á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar auk þess sem honum verður dreift á Snæfellsnesi.

Breiðafjarðarnefnd þakkar Jóhanni og Jónínu fróðlega kynningu og mun fylgjast með áframhaldandi rannsóknum Hafró og Varar á Breiðafirði.

Fundargerð 176. fundar

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fjármál 2020

Farið yfir fjármál nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Misvísandi upplýsingar hafi borist frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi yfirfærslu fjárheimilda á milli ára. Óska þarf eftir óyggjandi upplýsingum um stöðu fjármála nefndarinnar áður en lengra er haldið.

Farið yfir drög að tímabundnum þjónustusamningi á milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Náttúrustofu Vesturlands og Breiðafjarðarnefndar. Ekki hægt að ganga frá samningnum þegar fjármál nefndarinnar eru ekki komin á hreint.

Drög að frumvarpi til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða – umsögn

Breiðafjarðarnefndar

Afgreiðsla:

Umsögn hefur verið send og verður birt á heimasíðu nefndarinnar undir „umsagnir“.

Erindi frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni. Athugasemdir við kynningarfundum Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar og framgöngu, yfirlýsingar og stefnu nefndarinnar.

Erindi langt fram.

Afgreiðsla:

Nefndin þakkar Ásgeiri Gunnari erindið og áhuga á hugmyndum nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar.

Erindi frá Stykkishólmsbæ vegna athugasemda við kynningarfundum Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar og framgöngu, yfirlýsingar og stefnu nefndarinnar.

Erindi langt fram.

Á 384. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar var tekið fyrir erindi Ásgeirs Gunnar Jónssonar þar sem hann kemur á framfæri athugasemdum við kynningarfund Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar. Á fundinum var lögð fram eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þakkar bréfritara fyrir að vekja athygli bæjarstjórnar á málinu. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar tekur undir með bréfritara um mikilvægi þess að ítarlegt og víðtækt samráð og samtal sé viðhaft við íbúa Breiðafjarðar, sem og sveitarfélög við fjörðinn, varðandi breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar, líkt og gert var þegar upphafleg lög voru sett árið 1995, þá eftir um tveggja ára vinnu og samráð við heimamenn um lögin. Vill bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggja þunga áherslu á að tryggt sé við allar breytingar á lögunum að fulltrúar sveitarfélaganna séu áfram með meirihluta í nefndinni, til að gæta hagsmuna íbúa og svæðisins, enda best til

bess fallnir, líkt og ágætlega er farið yfir í meðfylgjandi erindi. Minnir bæjarstjórn jafnframt á mikilvægi þess að samráð sé haft við sveitarfélögin í störfum nefndarinnar líkt og löginn gera ráð fyrir.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar Stykkishólmsbæ erindið og tekur heilshugar undir bókunina. Vegna bréfs Ásgeirs Gunnars vill nefndin koma eftifarandi á framfæri við sveitarfélögin við fjörðinn:

Breiðafjarðarnefnd er að meirihluta skipuð fulltrúum sveitarfélaga við fjörðinn. Hún telur mikilvægt að hafa náið samráð við sveitarfélög, íbúa, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila við Breiðafjörð um móturn framtíðar svæðisins. Nefndin hefur samþykkt að á árinu 2020 verði lögð áhersla á samantekt efnis um valkostí fyrir framtíð Breiðafjarðar. Fræðslufundir í sveitarfélögunum við fjörðinn eru hluti af þeirri vinnu en samráð og samtal heldur svo áfram. Afrakstur vinnunnar verður tekinn saman í greinargerð sem send verður sveitarfélögunum til umsagnar. Að lokum verður niðurstöðu vinnunnar skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra. Rétt er að áréttta að nefndin tekur engar ákvárdanir um framhaldið en hún leggur fram sínar tillögur til ráðherra, í samræmi við hlutverk nefndarinnar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Framtíð Breiðafjarðar

Markmið nefndarinnar er að tryggja góða framtíð Breiðafjarðar. Í því felst m.a. að við fjörðinn þrifist áfram öflugt samfélag sem byggir á fjölbreyttum stoðum og nýtir auðlindir á sem sjálfbærastan máta. Breiðafjarðarnefnd leggur höfuðáherslu á að heimamenn hafi áfram ríka aðkomu að stjórnun svæðisins og eigi meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem mögulega koma að stýringu svæðisins.

Fræðslufundirnir sem nefndin hefur staðið fyrir í sveitarfélögum við fjörðinn, og er vísað til í erindi Ásgeirs Gunnars, voru hugsaðir sem almenn kynning á þeim kostum sem til staðar eru fyrir svæðið. Þeir helstu eru að: a) endurskoða núverandi lög, b) tilnefna svæðið á Ramsarskrá, c) tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO eða d) gera svæðið að þjóðgarði. Á fundunum hefur nefndin hvatt til umræðna og fyrirspurna til þess að sem flest sjónarmið kæmust til skila til nefndarinnar. Það er ljóst, óháð því hvaða leið verður í endanlegum tillögum nefndarinnar, að lagt verður í enn frekari kynningu og samráð um hana þegar þar að kemur.

Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar

Ef niðurstaðan verður að hafa svæðið áfram undir sérstökum lögum um vernd Breiðafjarðar, þá er Breiðafjarðarnefnd þó á einu máli um mikilvægi þess að endurskoða og uppfæra löginn til nútímalegs horfs. Nefndin hefur þegar sent umhverfisráðherra greinargerð þar sem að hún útlistar áhersluatriði nefndarinnar hvað þetta varðar.

Greinargerðin hefur verið birt á heimasíðu nefndarinnar undir liðnum „Framtíð Breiðafjarðar“.

Bjóðgarður við Breiðaffjörð

Verði niðurstaða nefndarinnar að leggja til við ráðherra að stofna bjóðgarð í Breiðafirði og ráðherra héldi áfram með málið er óvist að Breiðafjarðarnefnd kæmi að þeirri vinnu. Við stofnun bjóðgarða nú á tímum er lögð áhersla á að útfærsla, skipulag og uppbygging bjóðgarða sé unnin í nánu samráði við sveitarfélög, íbúa, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Um bjóðgarða eru smíðaðar verndar- og nýtingaráætlunar þar sem lögð er áhersla á að finna samhljóm allra hagsmunaaðila. Nokkuð víst er að stuðst yrði við svipað stjórnskipulag og er í Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem heimamenn eiga meirihluta í nefndum og ráðum sem taka stefnumótandi ákvarðanir um svæðið.

Bjóðgarður er fyrirkomulag sem veitir meðal annars tæki til þess að stýra umferð ferðamanna um Breiðafjarðarsvæðið en síð breyting á náttúruverndarlögum nr. 60/2013, þar sem lagt er til að landeigendur hafi meiri rétt til að ákveða hvort land þeirra í byggð sé nýtt undir endurteknar skipulegar hópferðir í atvinnuskyni, dugar ekki til skilvirkrar stýringar.

Breiðaffjörður á Ramsarskrá

Ramsarsamningurinn var upphaflega gerður til þess að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda á votlendissvæðum. Það er því ljóst að skráning á lista yfir Ramsarsvæði hefði ekki þau áhrif að lokað yrði fyrir nýtingu. Skráning felur aftur á móti í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni og þjónustu vistkerfa. Lög viðkomandi ríkis gilda þó ávallt, svo sem skipulagslöggjöf og lög um náttúruvernd. Svæðið myndi ekki afsala sér réttindum á landi og stjórnun þess en skrifstofa samningsins gæti veitt stuðning og ráðgjöf varðandi stýringu svæðisins. Ef til þess kæmi að framkvæmdir á svæðinu myndu skerða verulega verndargildi þess gætu athugasemdir borist frá samningnum. Það gæfi stjórnvöldum tækfæri til að bregðast við eða þá að svæðið yrði tekið af skránni.

Breiðaffjörður á heimsminjaskrá

Til þess að svæði sé gjaldgengt á heimsminjaskrá UNESCO þarf því að vera stýrt á skilvirkjan hátt og um það þarf að gilda formleg verndar- og nýtingaráætlun. Slíka áætlun er ekki hægt að vinna öðruvísi en í nánu samráði við sveitarfélög, íbúa, landeigendur, atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila. Skráning svæða á heimsminjaskrá er alþjóðlega viðurkennd aðferðafræði sem þekkt er um allan heim og setur svæðið á ákveðinn stall með merkilegustu náttúru- og menningarminjum heimsins, sem sérstök heimasmíðuð lög um verndun gætu aldrei gert. Um svæði á heimsminjaskrá UNESCO gildir það sama og um Ramsar að stjórnun svæðisins yrði áfram hjá heimafólki en stuðningur og ráðgjöf fylgdi skráningunni.

Að gefnu tilefni vill nefndin áréttu að hún lítur svo á að óháð því hvaða leið verður valin, muni lög um stjórn fiskveiða áfram halda gildi sínu og stjórn og eftirlit með fiskveiðum verða áfram í höndum Hafnarfossóknastofnunar og Fiskistofu.

Breiðafjarðarnefnd telur að það hefði verið vanhugsað af nefndinni að einblína aðeins á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin kaus heldur að nýta tækifærið og skoða alla kosti sem til staðar eru og leita álits um þá áður en lengra er haldið.

Erindi frá Framfarafélagi Flateyjar. Ósk um kynningu á aðalfundi þann 7. mars.

Framfarafélag Flateyjar hefur óskað eftir stuttri kynningu á hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um framtíð fjarðarins.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar áhuga á málefnum verndarsvæðisins og mun senda fulltrúa á fundinn.

Erindi frá Sambandi eigenda sjávarjarða. Ósk um kynningu á aðalfundi 8. mars.

Framfarafélag Flateyjar hefur óskað eftir stuttri kynningu á hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um framtíð fjarðarins.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar áhuga á málefnum verndarsvæðisins og mun senda fulltrúa á fundinn.

Erindi frá Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla: styrkbeiðni.

Óskað er eftir styrk vegna útiskiltasýningar, Miðstöðvar og mangarar í Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Erindi frestað þangað til fjármál nefndarinnar fyrir árið 2020 eru komin á hreint.

Framtíð Breiðafjarðar

Farið yfir punkta frá fræðslufundum um framtíð Breiðafjarðar sem haldnir voru í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi.

Afgreiðsla:

Stefnt er að næstu fræðslufundum um framtíð Breiðafjarðar í Búðardal og á Reykhólum þann 24. mars. Athugað verður með fræðslufund í Vesturbyggð seinni hluta apríl og um leið óskað eftir fundi með bæjarstjórn Vesturbyggðar.

Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2020-2021.

Drög lögð fram.

Afgreiðsla:

Samþykkt og verður birt á heimasíðu nefndarinnar.

Bæklingur um öryggi og umgengni

Drög lögð fram.

Afgreiðsla:

Samþykktur til prentunar með minniháttar athugasemdum.

Staða kostaðra og styrktra verkefna

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands og Anok.
 - Samþykktur til prentunar.
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Athugasemdir Breiðafjarðarnefndar hafa verið sendar til Fornleifafélagsins sem er að leggja lokahönd á hönnun.
- Mat á búsvæðanýtingu fiskseiða á innanverðum Breiðfirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum.
 - Í vinnslu. Anja Nickel, doktorsnemi, er að vinna handrit til birtingar byggt á þeim gögnum sem safnað var. Skýrslunni verður skilað samhliða þeirri grein.
- Vistfræðilegt hlutverk strandsjávarbúsvæða á Breiðfirði, Vör sjávarrannsóknasetur.
 - Lokið. Sjá kynningu frá fulltrúum Varar hér að ofan.
- Örnefnaskráningar 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands.
 - Verkefni hefur verið skilgreint og er hafið. Skil áætluð í nóvember 2020.
- Fjöruvísir – gerð kennsluefnis, Svæðisgarður Snæfellinga og Vör sjávarrannsóknasetur.
 - Nánast lokið sbr. kynningu hér að ofan.

Næsti fundur:

Áætlaður í Vesturbyggð 20. apríl og 21. apríl.

Fundi slitið kl. 15:18

Fundargerð 881. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 24. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnar Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Árman Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans Haraldur Sverrisson mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 880. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 880. fundar stjórnar sambandsins frá 27. mars 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta fundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

2. Verkefnistjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA

Lögð fram fundargerð 53. fundar verkefnistjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 13. mars 2020.

3. Fræðslumálanefnd - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 125. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 1. apríl 2020.

4. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1810074SA

Lögð fram fundargerð 48. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 15. apríl 2020.

Eyþór Laxdal Arnalds kom inn á fundinn kl. 12:10.

5. Staða kjaramála - 1905033SA

Lagt fram sem trúnaðarskjál minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 21. apríl 2020, um stöðu kjaramála í apríl 2020.

Nú í annað sinn á skömmum tíma er Efling að undirbúa verkföll gagnvart fjórum sveitarfélögum á suðvestur horninu.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur ítrekað hafnað kröfum Eflingar um þá viðbótarhækkan launa sem félagið fer fram á. Tilboð Sambands

íslenskra sveitarfélaga til Eflingar er í samræmi við aðra kjarasamninga sem sambandið hefur gert við stéttarfélög sem semja um sömu og/eða sambærileg störf. Þeir kjarasamningar byggja á lífskjarasamningi á almennum vinnumarkaði sem Efling tók þátt í að gera og gildir fyrir Eflingarstarfsmenn á almennum vinnumarkaði.

Stjórn sambandsins lýsir yfir fullum stuðningi við vinnu samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. Kjarasamningur 2020 - 1911093SA

Lagður fram til staðfestingar kjarasamningur milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Garðabæjar, dags. 17. apríl 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða samninginn og fagnar því að samningur hafi náðst sem byggir á lífskjarasamningunum sem almennur samhugur er um í þjóðfélaginu.

7. Yfirvofandi lækkun framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 2003041SA

Lagður fram tölvupóstur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um yfirvofandi lækkun framlaga sem sendur var til allra sveitarfélaga 7. apríl 2020 ásamt minnisblaði frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 22. apríl 2020, um uppfærða áætlum um tekju og greiðsluáætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2020 vegna Covid-19.

Einnig lögð fram bókun sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps frá 20. apríl 2020, um málið. Til viðbótar er lagt fram erindi frá Grýtubakkahreppi, Sveitarféluginu Skagaströnd, Skorradalshreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Fljótsdalshreppi dags. 22. apríl 2020. Umræða um yfirvofandi lækkun framlaga var tekin undir lið 11. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn sambandsins tekur ekki undir þá gagnrýni sem kemur fram í bréfi ofangreindra sveitarfélaga, dags. 22. apríl 2020, á starfsfólk sambandsins og þakkar því fyrir góð störf.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga vinnur eftir samþykkt seinasta landsþings og er skylda stjórnar að framfylgja slíkum samþykktum. Forysta sambandsins hefur lagt þunga áherslu á að í fjármálaáætlunum ríkisins verði gert ráð fyrir sérstökum fjárstuðningi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að auðvelda sjóðnum að styðja við sameiningu sveitarfélaga. Það verður því ekki ljóst fyrr en að næsta fjármálaáætlun verður lögð fram hvort sá stuðningur verður að veruleika.

Það er ljóst að fjármál hins opinbera verða fyrir miklu höggi vegna áhrifa COVID-19. Því er mikilvægt sem aldrei fyrr að nýta sem best skatttekjur hins opinbera í þágu íbúa þessa lands.

8. Minnkandi starfshlutfall - Atvinnuleysi - 2003041SA

Lagt fram yfirlit um minnkandi starfshlutfall - Atvinnuleysi, dags. 15. apríl 2020.

9. Efnahagsaðgerðir stjórnvældi vegna COVID-19 - 2003041SA

Rætt var um framhald efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar vegna áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins.

10. Flýting fjárfestinga vegna áhrifa COVID-19 - 2003043SA

Lagt fram minnisblað frá hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 15. apríl 2020, vegna flýtingar fjárfestinga sveitarfélaga og minnisblað, dags. 17. apríl 2020, um flýtingu fjárfestinga og fyrirvara vegna mótfamlaga ríkis.

Kristján Þór Magnússon fór af fundi kl. 14:00. Rakel Óskarsdóttir fór af fundi kl. 14:05. Bjarni Jónsson fór af fundi kl. 14:20.

11. Áætlun um hugsanlegt tekjufall sveitarfélaga 2020 - 2003041SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 22. apríl 2020, um áætlun um hugsanlegt tekjufall sveitarfélaga 2020. Einnig lagt fram bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 22. apríl 2020, þar sem sent er til upplýsingar bréf sem samtökin sendu til fjármála- og efnahagsráðherra er varðar áhrif Covid-19 á fjárhag og þjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Formaður sagði frá vinnu við að innleiða og koma í framkvæmd aðgerðum í þeirri viðbragðsáætlun sem stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum 27. mars sl., en ljóst er að margar þessarar aðgerða hafa náð fram að ganga. Einnig sagði formaður frá fundum sem hún og framkvæmdastjóri sambandsins hafa átt með ráðherra sveitarstjórnarmála undanfarið, fulltrúum ráðuneyta, auk fundar Jónsmessunefndar sem haldinn var 22. apríl sl. Á þessum fundum var ákveðið að efla samstarf ríkis og sveitarfélaga við að meta sameiginlega áhrif afleiðinga COVID-19 á fjármál hins opinbera.

Formaður lagði til að fulltrúar sem þátt taka í þessu samstarfi komi á sérstakan aukafund stjórnar sambandsins sem haldinn verður 29. apríl nk. kl. 08:00 og fari yfir þau gögn sem nú þegar liggja fyrir. Á þann fund verði formönnum landshlutasantaka og borgarstjóra boðið. Einnig að haldinn verði annar fundur stjórnar 6. maí nk. til að fara yfir stöðuna til að ljúka gerð nýrrar viðbragðsáætlunar sambandsins vegna hennar. Stjórn sambandsins mun fylgjast vel með þróun efnahagsmála og fjármála hins opinbera næstu vikur og mánuði og halda aukafundi stjórnar eins og þurfa þykir í tengslum við það.

Stjórnin samþykkti eftirfarandi bókun:

Ljóst er að mikilvægi nærbjónustunnar sem sveitarfélögini veita hefur sjaldan verið meiri en nú. Með vísan til þeirrar vinnu sem sambandið hefur lagt í greiningu á stöðunni og til minnisblaðs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til fjármála- og efnahagsráðherra, telur sambandið mikilvægt að ríkissjóður komi að málum með fjölbreyttum almennum aðgerðum og með beinum fjárhagslegum stuðningi til að verja þjónustu og starfsemi sveitarfélaganna á landinu öllu.

Við þessar aðstæður er mikilvægt að sveitarfélögini hafi nægan fjárhagslegan styrk og svigrúm til þess að halda uppi þjónustu við íbúa, ráðast í nauðsynlega fjárfestingu og uppyggingu og tryggja framlög til skólahalds, velferðarþjónustu, íþrótta- og menningarstarfsemi svo fátt eitt sé nefnt.

Gangi þau áhrif eftir sem lýst hefur verið verður rekstur sveitarfélaganna þungur um langan tíma og verður ekki leystur með lántökum og niðurskurði í þjónustu sveitarfélaganna.

12. COVID-19 og sveitarfélög á Norðurlöndum - 2004012SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 22. apríl 2020, um yfirlit um aðgerðir ríkisstjórnar á Norðurlöndum í þágu sveitarfélaga vegna COVID-19 kreppunnar, ásamt viðaukatöflu um aðgerðir á Norðurlöndum.

13. Vinnustaðagreining hjá sambandinu - 2001063SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal niðurstöður vinnustaðagreiningar sem framkvæmd var af Maskínu 9.-23. mars 2020.

14. Tilnefning í samhæfingarhóp sem skal skoða stöðu námsmanna og atvinnuleitenda, atvinnu- og menntaúrræði við þær breyttu aðstæður sem orðnar eru í íslensku samfélagi - 2004003SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. apríl 2020, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í samhæfingarhóp sem skal skoða stöðu námsmanna og atvinnuleitenda, atvinnu- og menntaúrræði við þær breyttu aðstæður sem orðnar eru í íslensku samfélagi, og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri, til vara.

15. Tilnefning í samráðsvettvang vegna forsetakosninga 27. júní 2020 - 2003040SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. apríl 2020, þar sem Magnús Karel Hannesson, frá Eyrabakka, er tilnefndur í samráðsvettvang vegna forsetakosninga 27. júní 2020.

16. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum - framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla - 2003008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 6. mars 2020, um frumvarp til laga um breytinga á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla), 16. mál.

17. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um um viðhald og varðveislu gamalla báta - 2003007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 16. mars 2020, um tillögu til þingsályktunar um um viðhald og varðveislu gamalla báta, 308. mál.

**18. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030 -
2003013SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 31. mars 2020, um drög að tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030.

Fundi var slitið kl. 14:55

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Pór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 882. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, miðvikudaginn 29. apríl kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Bjarni Jónsson, Kristján Pór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Rakel Óskarsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Daníel Jakobsson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnar Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Einnig mættu á fundinn Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Rósa Guðbjartsdóttir, formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Einar Jón Pálsson, formaður Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Eggert Kjartansson, formaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Hafdís Gunnarsdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, Þorleifur Karl Eggertsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Hilda Jana Gísladóttir, formaður Eyþings Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og þingeyjarsýslum, Einar Már Sigurðarson, formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Helgi Kjartansson, varaformaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Björn Pór Hermannsson og Tómas Brynjólfsson frá fjármálaráðuneytinu sátu svo fundinn undir lið 3.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 881. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 881. fundar stjórnar sambandsins frá 24. apríl 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta fundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

2. Staða mála vegna COVID-19 í einstökum landshlutum - 2003041SA

Formenn landshutasamtaka gerðu grein fyrir stöðu mála innan hvers landshluta og ljóst að mikil óvissa ríkir út um allt land.

Eggert Kjartansson fór af fundi kl. 09:50.

3. Staða fjármála hins opinbera - 2003041SA

Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins fór yfir stöðu og þróun í fjármálum sveitarfélaga. Að því loknu komu Björn Pór Hermannsson og Tómas Brynjólfsson frá fjármálaráðuneytinu inn á fundinn og

fóru yfir stöðu og þróun í fjármálum ríkisins.

**4. Umræður um fjárhagastöðu hins opinbera og viðbrögð við þróuninni -
2003041SA**

Rætt var um stöðu mála og eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga með formönum landshlutasamtaka sveitarfélaga haldinn þann 29.apríl 2020 áréttar fyrri bókun stjórnar sambandsins frá fundi 24.apríl sl. um nauðsyn þess að ríkisvaldið komi að málum með beinum fjárhagslegum stuðningi við sveitarfélögin og almennum og séristökum aðgerðum að mæta þeirri stöðu sem komin er upp.

Ljóst er að aðstæður margra sveitarfélaga eru nú þegar með þeim hætti að erfitt getur verið að halda uppi nauðsynlegri nærþjónustu við íbúa. Því er mikilvægt að ríkissjóður komi frekar að málum, líkt og aðrar ríkisstjórnir á Norðurlöndunum, til að unnt sé að verja þjónustu og starfsemi sveitarfélaganna á landinu öllu.

Fundurinn krefst þess að ríkisstjórnin kalli sambandið nú þegar að borðinu til viðræðna um hlut sveitarfélaga í næsta aðgerðarpakka ríkisvaldsins.

Fundi var slitið kl. 10:55

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmsdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Snæfellsbær
Kristinn Jónasson
Klettsbúð 4
360 Hellissandur

Ólafsvík 17. apríl 2020

Efni: Forkaupsréttur að bát

Með tilvísun til 12. gr. laga nr. 116/2006 um forkaupsrétt sveitarfélaga á skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni sem ætlunin er að selja til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi er Snæfellsbæ hér með boðinn forkaupsréttur að Aðalheiði SH-317, skipaskrárnúmer 2584.

Engar aflaheimildir eru á bátnum en hann hefur verið gerður út á strandveiði s.l. ár.

Undirritaður óskar hér með eftir svari frá Snæfellsbæ, um hvort hann vilji nýta sér forkaupsrétt sveitarfélagsins að Aðalheiði SH-317, skipaskrárnúmer 2584

Virðingarfyllst

Róbert Óskarsson

Róbert Óskarsson
Hjallabrekku 3
355 Ólafsvík

Kristinn Jónasson

From: Sigurður Már Eggertsson <siggimar89@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 28. apríl 2020 16:59
To: Kristinn Jónasson; Lilja Ólafardóttir
Cc: Persónuvernd
Subject: Minnisblað persónuverndarfulltrúa um öryggi persónuupplýsinga
Attachments: Minnisblað um öryggiskerfi persónuupplýsinga - SNB - 28.04.2020.docx

Sæl.

Meðfylgjandi er minnisblað persónuverndarfulltrúa um öryggi persónuupplýsinga sem ég óska eftir að verði lagt fyrir bæjarstjórn.

Í minnisblaðinu ítreka ég skyldu sveitarfélagsins til að útbúa öryggiskerfi persónuupplýsinga sem byggist á skjalfestri upplýsingaöryggisstefnu, skriflegu áhættumati og viðeigandi öryggisráðstöfunum, bæði tæknilegum og skipulagslegum. Lagt er til að sveitarfélagið framkvæmi eða láti framkvæma áhættumat á upplýsingaöryggi sem skapi forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum til að tryggja viðeigandi öryggi persónuupplýsinga.

Ég vek athygli á því að sveitarfélagið er ekki bundið af álti persónuverndarfulltrúa og að endanleg afstaða liggur ávallt hjá stjórnendum þess. Kjósi stjórnendur hins vegar að fara ekki eftir ráðum persónuverndarfulltrúa þarf að skjalfesta það með einhverjum hætti, s.s. með bókun í fundargerð.

Að lokum vil ég nýta tækifærið og ítreka mikilvægi þess að samráð sé haft við persónuverndarfulltrúa við innleiðingu á nýjum tæknilausnum og stafrænni þjónustu. Nauðsynlegt er að stjórnendur séu meðvitaðir um mikilvægi þess öryggisþáttar að framkvæmt sé áhættumat á hugbúnaði, gagnagrunnum og upplýsingakerfum, áður en þau eru tekin í notkun hjá sveitarféluginu og stofnunum þess.

Ekki hika við að hafa samband ef eitthvað er óljóst.

Bestu kveðjur/ regards

Sigurður Már Eggertsson
Persónuverndarfulltrúi
sími: 842-5606

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar
Frá: Sigurði Má Eggertssyni, persónuverndarfulltrúa
Efni: Öryggiskerfi persónuupplýsinga
Dags. 28.04.2020

27. gr. persónuverndarlaga Öryggi persónuupplýsinga og tilkynningar um öryggisbresti

„[Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd, eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu, mislíklegri og misalvarlegri, fyrir réttindi og frelsi einstaklinga samkvæmt nánari fyrirmælum 32. gr. reglugerðarinnar.

Ef um öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga er að ræða skal ábyrgðaraðili, án ótilhlýðilegrar tafar og, ef mögulegt er, eigi síðar en 72 klst. eftir að hann verður brestsins var, tilkynna um hann til Persónuverndar nema ólíklegt þyki að bresturinn leiði til áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga. Sé Persónuvernd ekki tilkynnt um brestinn innan 72 klst. skulu ástæður fyrir töfinni fylgja tilkynningunni. Þá skal vinnsluaðili tilkynna ábyrgðaraðila um það án ótilhlýðilegrar tafar ef hann verður var við öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga. Um efni tilkynningar til Persónuverndar gilda fyrirmæli 33. gr. reglugerðarinnar.

Ef líklegt er að öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga leiði af sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga skal ábyrgðaraðili tilkynna skráðum einstaklingi um brestinn án ótilhlýðilegrar tafar. Um efni slíkrar tilkynningar og undanþágur frá tilkynningarskyldu gilda fyrirmæli 34. gr. reglugerðarinnar.]”

Ýmsar upplýsingar hjá Snæfellsbæ og stofnunum sveitarfélagsins teljast viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“). Nægir þar að nefna upplýsingar í félagsþjónustu, nemendaskrám og í launakerfum.

Snæfellsbæ, sem ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga, ber skylda til þess að útbúa öryggiskerfi persónuupplýsinga og byggja það á skjalfestri upplýsingaöryggisstefnu og skriflegu áhættumati. Persónuverndarlög gera ekki almenna kröfu um að ábyrgðaraðili framkvæmi áhættumat þegar hann ákveður fyrirkomulag um vinnslu persónuupplýsinga. Slíka skyldu er hins vegar finna í reglum Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuuupplýsinga auk þess sem fram kemur í 27. gr. persónuverndarlaga að við ákvörðun um öryggisráðstafanir skuli m.a. taka hliðsjón af þeirri áhættu sem fylgir fyrir réttindi og frelsi einstaklinga. Þá er að auki lögð sú skylda á ábyrgðaraðila skv. 29. gr. persónuverndarlaga að ef talið verði líklegt að fyrirhuguð vinnsla persónuupplýsinga geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga skuli ábyrgðaraðili, áður en vinnslan hefst, láta fara fram mat á áhrifum hennar á vernd persónuupplýsinga (MÁP), sbr. nánari umfjöllun í fyrirhugðu minnisblaði persónuverndarfulltrúa sem lagt verður fyrir sveitarfélagið von bráðar. Í því samhengi skal áréttu að áhættumat út frá upplýsingaöryggi og MÁP falli vel saman. Fullunnið áhættumat á upplýsingaöryggi gæti þannig orðið góður grunnur að mati á áhrifum á persónuvernd og nýst vel við framkvæmd þess.

Áhættumat á upplýsingaöryggi sveitarfélagsins

Í 6. tl. 1. mgr. 8. gr. persónuverndarlaga birtist meginreglan sem jafnan er nefnd öryggisreglan, kveðandi á um að persónuupplýsingar skuli unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé

tryggt. Frekari útfærsla á því hvað er fólgjð í öryggisreglunni kemur fram í f-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar ESB 2016/679 ákvæðum reglugerðar ESB 2016/679 („persónuverndarreglugerðin“), sem kveður á um að þar sé með talin vernd gegn óleyfilegri eða ólögmætri vinnslu og gegn glötun, eyðileggingu eða tjóni fyrir slysni, með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum.

Eins og gildir um aðrar meginreglur persónuverndarlaga endurspeglast þessi krafa víða í ákvæðum laganna og ákvæðum persónuverndarreglugerðarinnar. Þannig er í 39. tl. formálsorða persónuverndarreglugerðarinnar áréttar að vinnsla persónuupplýsinga eigi að vera með þeim hætti að viðeigandi öryggi sé til staðar og trúnaður um upplýsingarnar sé tryggður, m.a. að komið sé í veg fyrir óheimilan aðgang eða notkun á persónuupplýsingum og þeim búnaði sem notaður er við vinnsluna.¹

Kjarni öryggisreglunnar birtist í 32. gr. persónuverndarreglugerðarinnar, sbr. einnig 1. mgr. 27. gr. persónuverndarlaga.² Í 27. gr. persónuverndarlaga er kveðið á um að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd, eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu, mislíklegri og misalvarlegri, fyrir réttindi og frelsi einstaklinga samkvæmt nánari fyrirmælum 32. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.³

Í gildi eru jafnframt áðurnefndar reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, sbr. bráðabirgðákvæði II við lögini, þar sem nánar er mælt fyrir um hvernig skuli bera sig að við að tryggja öryggi persónuupplýsinga. Samkvæmt 3. gr. þeirra reglna skal ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga útbúa öryggiskerfi persónuupplýsinga og byggja það á skriflegu áhættumati. Í áhættumatinu felst að meta þá áhættu sem steðjar að vinnslu og þeim persónuupplýsingum sem unnið er með, s.s. hættu á því að óviðkomandi fái aðgang að þeim eða að þær glatist eða raskist. Með því skal finna veikleika og greina hvað geti farið úrskeiðis, hvaða áhrif slíkt getur haft og hvaða líkur séu á að það gerist. Á grundvelli áhættumats skal ábyrgðaraðili ákveða nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að tryggja innra og ytra öryggi persónuupplýsinga.

Öryggisráðstafanir eiga að tryggja þrennt. Fyrst má nefna áreiðanleika. Til þess þarf að hindra að persónuupplýsingar verði fyrir ólöglegri eyðileggingu eða breytingu og koma í veg fyrir að þær glatist eða þeim verði ranglega breytt fyrir slysni. Í öðru lagi eiga öryggisráðstafanir að tryggja nauðsynlega leynd um persónuupplýsingar gagnvart óviðkomandi. Í þriðja og síðasta lagi eiga öryggisráðstafanir að tryggja öruggan aðgang að persónuupplýsingum fyrir þá sem hann eiga að hafa.⁴

Með persónuverndarreglugerðinni er enn ríkari áhersla lögð á kröfur til öryggi persónuupplýsinga umfram það sem áður gilti. Ástæður þess má einkum rekja til þeirrar staðreyndar að með tækniframþróun vaxi þær ógnir sem steðja að upplýsingaöryggi. Framangreind ákvæði 32. gr. persónuvernarreglugerðarinnar, sbr. 27. gr. persónuverndarlaga byggja þannig á þeim viðhorfum að

¹ Páll Hreinsson, Vinnsla persónuupplýsinga við meðferð stjórnsýslumála (bls. 35)

² Í 83. lið formálsorða persónuverndarreglugerðarinnar segir enn fremur: „*Til að viðhalda öryggi og koma í veg fyrir vinnslu, sem brýtur í bága við pessa reglugerð, ætti ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili að meta þá áhættu sem fylgir vinnslunni og gera ráðstafanir til að draga úr slíkri áhættu, s.s. með dulköðun. Þessar ráðstafanir ættu að tryggja viðeigandi öryggisstig, þ.m.t. trúnað, með tilliti til nýjustu tækni og kostnaðar við framkvæmd í tenglsum við áhættu og eðli persónuupplýsinganna sem á að vernda. Við mat á áhættu fyrir gagnaöryggi ætti að líta til þeirrar áhættu sem fylgir vinnslu persónuupplýsinga, s.s. óviljandi eða ólögmætrar eyðingar persónuupplýsinga þegar þær eru sendar, geymdar eða unnar á annan hátt, s.s. að þær glatist, breytist, verði birtar eða angagur veittur að þeim í leyfisleysi, sem kann einkum að leiða til efnislegs tjóns, eignatjóns eða óefnislegs tjóns.*“

³ Björg Thorarensen, Persónuverndarréttur: fyrrí hluti (bls. 150)

⁴ Sigrún Jóhannesdóttir, Persónuvernd: Skýringarrit (bls. 392-394)

sjálfvirk vinnsla persónuupplýsinga auki verulega hættuna á því að persónuupplýsingar komi fyrir augu óviðkomandi aðila, sér í lagi þegar hún fer fram í gegnum internetið.⁵

Álit persónuverndarfulltrúa

Með vísan til framangreinds ber Snæfellsbær skylda til að útbúa öryggiskerfi persónuupplýsinga til að tryggja viðunandi vernd persónuupplýsinga sem byggir á skjalfestri upplýsingaöryggisstefnu, skriflegu áhættumati og viðeigandi öryggisráðstöfunum.

Sveitarfélagið og stofnanir þess nota í miklum mæli alls kyns tölvubúnað og rafrænan búnað í samskiptum við íbúa. Þessi búnaður kann að hafa í för með sér margvíslegar hættur fyrir öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með. Því er brýnt að sveitarfélagið fari yfir starfsemi sína og greini heildstætt í samræmi við framangreindar reglur, hvaða öryggisráðstafanir sé rétt að innleiða. Að því sögðu leggur undirritaður til að Snæfellsbær setji sér upplýsingaöryggisstefnu og framkvæmi eða láti framkvæma áhættumat á öryggi persónuupplýsinga innan sveitarfélagsins sem skapi forsendur fyrir vali á viðeigandi öryggisráðstöfunum. Í því samhengi er rétt að vekja sérstaka athygli á heimild aðila til að samnýta niðurstöður áhættumats en á vettvangi samráðshóps persónuverndarfulltrúa sveitarfélaga hafa einmitt verið umræður um samstarf sveitarfélaga í þessum efnum.

Forsenda þess að Snæfellsbær geti unnið löglega með persónuupplýsingar, sem sveitarfélagið á lögum rétt til að vinna með, er að fullnægt sé lögboðnum reglum um öryggi persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Fari sveitarfélagið ekki að fyrirmælum Persónuverndar í nefndum reglum getur það leitt til þess að vinnsla þess á persónuupplýsingum teljist ólögmæt jafnvel þótt fyrir henni sé stoð í einhverjum þeirra heimildarákvæða sem greinir í 9. og 11. gr. persónuverndarlaga. Þá geti brot gegn nýjum persónuverndarlögum leitt til orðsporshnekks fyrir sveitarfélagið og stjórnsýslusekta.

Að lokum skal hafa í huga að það eru ekki einvörðungu einkalífhagsmunir sem kalla á að fullnægjandi öryggi sé tryggt við vinnslu persónuupplýsinga hjá sveitarfélagini. Almannahagsmunir krefjast þess einnig að viðunandi ráðstöfunum sé beitt í því skyni að koma í veg fyrir að starfsemi sveitarfélagsins verði lömuð með skemmdarverkum eða öðrum áföllum. Að því leiðir er m.a. nauðsynlegt að sveitarfélagið notist við öryggisráðstafanir á borð við eldveggi og sívirkar vírusvarnir til að verjast áföllum við framkvæmd rafrænnar stjórnsýslu.

Undirritaður vekur athygli á því að sveitarfélagið er ekki bundið af álti persónuverndarfulltrúa og að endanleg afstaða liggar ávallt hjá stjórnendum. Kjósi sveitarfélagið hins vegar ekki að fara eftir ráðum persónuverndarfulltrúa þarf að skjalfesta það með einhverjum hætti, s.s. með bókun í fundargerð.

Sigurður Már Eggertsson
Persónuverndarfulltrúi Snæfellsbæjar

⁵ Páll Hreinsson, Vinnsla persónuupplýsinga við meðferð stjórnsýslumála (bls. 70)



SNÆFELLSBÆR

Par sem jökulinn ber við loft...

Til bæjarstjórnar.

Tilv. 200101-01

Minnisblað

Efni: Bygging þjónustuþúða fyrir 60 ára og eldri.

Bæjarstjórn fól undirrituðum að kann nokkra þætti varðandi þjónustuþúðir fyrir 60 ára og eldri og hér að neðan koma nokkrir punktar varðandi það.

Það er mitt mat að skynsamlegast sé að byggja eins hús og byggð voru í Engihlíð 16 í Ólafsvík. Þessi hús eru um 120 m² að stærð með þremur svefnherbergjum og bílskúr og hafa þessi hús reynst afar vel.

Líklegt verð fyrir hvert hús er um 90 m.kr. eða um 45 m.kr. á íbúð.

Skynsamlegasta fjármögnunin væri að taka lán hjá Lánaþjóði sveitarfélaga til að borga framkvæmdina.

Eignarhaldið yrði það sama og er, þ.e. Snæfellsbær myndi byggja og eiga umræddar íbúðir.

Aðrir möguleikar varðandi húsnæði fyrir þennan aldurshóp hef ég ekki náð að klára og þarfnað sú vinna meiri tíma.

Þær staðsetningar sem koma helst til greina eru á Hellissandi er skynsamlegast að byggja svona hús á Selhólnum við hliðina á núverandi raðhúsi. Í Rifi er skynsamlegast að byggja við hliðina á Háarifi 21 og í Ólafsvík er skynsamlegast að byggja í Miðbrekku við hliðina á núverandi parhúsi, sjá fylgiskjöl með þessu minnisblaði.

Snæfellsbær 21.04.2020

Kristinn Jónasson

bæjarstjóri







